

Fimmtudaginn 22. desember 1988.

Nr. 416/1988. Ákærvaldið

gegn

Birgi Guðmundssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 174. gr. sömu laga, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. þ.m. sem barst réttinum 21. þ.m. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skirskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. desember 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 20. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Birgi Ebenesersyni Guðmundssyni, kt. 12.01.60-3709, til heimilis að Hringbraut 119, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 22. desember nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þeir að X, Reykjavík, hefur kært Birgi Ebeneserson Guðmundsson fyrir nauðgun. X hefur borið að þetta hafi gerst á heimili hennar aðfaranótt mánudagsins 19. desember sl. Hún kveður að kærði hafi komið í heimsókn til hennar kvöldið áður og verið með áfengisflösku meðferðis. Þau hafi síðan sest inn í stofu og hafi kærði hafið neyslu áfengis, en hún

sjálf verið undir áhrifum áfengis. Skyndilega hafi kærði ráðist á hana þar sem hún lá á bakinu í sófa, dregið siðbuxur og nærbuxur af henni og þvingað hana síðan til samræðis. X hefur hvorki getað borið um það, hvort kærði hafi komið lim sínum inn í kynfæri hennar og viðhaft samræðis-hreyfingar, né hversu lengi hann var við þennan verknað.

Kærði hefur viðurkennt við yfirheyrslu fyrir dómi að hafa heimsótt X að kvöldi 18. desember sl. og haft við hana samfarir um nóttina, en neitar því að hafa þröngvað henni til samræðis. Hann hefur ekki getað gefið skýringu á áverkum sínum, en ljóst er að X hefur klórað hann bæði í andliti og viðsvegar um líkamann. Kærði kveðst ekki hafa notað verju í umrætt sinn og álitur að hann hafi felst sæði til X.

Í vottorði Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis, dagsettu 19. desember sl., kemur fram að X ber ekki ytri áverka eftir atburð þennan að öðru leyti en því að við skoðun á kynfærum hennar komu í ljós smáfleiður og rispúr, sem benda til þess að X hafi ekki verið vel undirbúin til samfara og aðdragandi að samförunum því óeðlilegur. Ekki fundust sæðisfrumur í leggöngum X.

Brot það sem kærði er grunaður um að hafa framið getur varðað fangelsisrefsingu skv. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Kærði hefur ekki viðurkennt sök og eftir er að taka ítarlegri skýrslu af kæranda, sem flutt var á sjúkrahús í gærmorgun vegna þessa atburðar. Þykir hættu á því að kærði spilli rannsókn málsins haldi hann óskertu frelsi.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og með vísan til alvarleika þess brots, sem kærði er undir rökstuddum grun að hafa framið, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 22. desember nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Birgir Ebeneserson Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 22. desember nk. kl. 17:00.